

Umgjörð Strauss-Kahn-málsins

Málefni kynjanna alls staðar undirliggjandi þáttur

Vikuspegill

Karl Blöndal kbl@mbl.is

Mál Dominique Strauss-Kahns, fyrrverandi yfirmanns Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, er hægt að greina með margs konar hætti. Ræstingakona á hóteli Sofitel-keðjunnar í New York sakaði Strauss-Kahn um nauðgun. Hann var handtekinn og settur í gæsluvarðhald, en á endanum treysti saksóknarinn, sem var með málið, sér ekki til að halda því til streitu fyrir dómstólum og lét það niður falla.

Cynthia Enloe, stjórnmálafræðingur og prófessor við Clark-háskóla í Bandaríkjunum, flutti í gær fyrirlestur um Strauss-Kahn-málið á ráðstefnu, sem nú er haldin á vegum Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.

„Þegar ég fór að fylgjast með málinu sló mig hvað málið varðaði strax margar stofnanir, sem allar áttu sína sögu í sambandi við málefni kynjanna og stóðu á ákveðnum tímamótum,“ sagði Enloe. Lögreglan í New York hefði verið nýbúin að bæta við deild til að rannsaka kynferðislegt ofbeldi. „Ef þetta hefði gerst áður en hún kom til hefði getan til að taka málið upp, viljinn til þess og innviðirnir ekki verið fyrir hendi.“

Hún sagði að saksóknaraembættið í Manhattan hefði einnig verið í sérstakri stöðu. „Í mánuðinum á undan hafði embættið beðið vandræðalegan ósigur í stóru máli, sem snerist um kynferðislegt áreitni. Þar voru lögreglumenn sakaðir um að hafa áreitt konu, sem hafði hringt eftir hjálp, kynferðislega. Saksóknaraembættið treysti sér til að fara með málið fyrir rétt, en tapaði vegna þess að kvíðdómurinn taldi að konan hefði ekki nægan trúverðugleika til að hægt væri að sakfella í málinu.“

Það hefur ef til vill haft áhrif á að saksóknaraembættið skyldi láta málið niður falla út af ótta við að verjendurnir myndu tæta vitnisburð ræstingakonunnar, Nafissatou Diallo, innflytjanda frá Gíneu, í sig og gera trúverðugleika hennar gagnvart kvíðdómnum að engu.

Enloe vék þá að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem hefði verið gagnrýndur fyrir að fyrirskipa aðgerðir og félagslegan niðurskurð, sem væri mun meira fþyngjandi fyrir konur en karla. Enloe sagði að



Morgunblaðið/Ámi Sæberg

Cynthia Enloe, stjórnmálafræðingur og prófessor.

engin rannsókn hefði verið gerð á andrúmslofti og venjum innandyrna í sjóðnum. Ekki væri nóg að tala aðeins um fólkið, sem ætti í hlut í máli sem þessu, heldur þyrfti einnig að skoða hið félagslega andrúmsloft og áhrif þess á hvað sé leyfilegt.

„Víst er að 2011 var mest lagt upp úr karlmennsku af þeim toga sem kennd hefur verið við alfa-karlinn þar sem má gefa sér ákveðið stig dirfsku, sjálfbirgingsháttar og karlmennsku, sem hefur áhrif bæði á ráðningar og stöðuhækkunar.“

Kynjahlutföll stjórnenda hjá AGS væru nú þannig að 78,5% væru karlar og 21,5% konur.

„Við vitum einnig að það er óformlegt tengslanet kvenna innan AGS,“ sagði hún. „Eitt af því, sem þær létu ganga sín á milli, var viðvörðun um að ef þú ynnir hjá AGS ættir þú ekki að mæta í of stuttu pils. Þá skiptust þær einnig á upplýsingum um það á hvaða yfirmönnum þyrfti að gæta sín.“

Enloe sagði að AGS væri alþjóðleg stofnun og lyti því ekki bandarískri vinnulöggjöf, sem nú tæki til kynferðislegrar áreitni, og spurði hvernig mætti vera að slík stofnun gæti starfað án reglna í þeim efnum. Hún vísaði til nokkurra ára gamallar könnunar á AGS þar sem niðurstaðan hefði verið sú að það væri einskær heppni að ekki hefði komið upp hneyksli innan stofnunarinnar út af kynferðislegri áreitni. Enloe lítur svo á að skoða verði Strauss-Kahn bæði sem afsprengi ákveðinnar hegðunar og þátttakanda í að viðhalda henni.



Reuters

Dominique Strauss-Kahn kemur úr yfirheyrslu lögreglu í París vegna fullyrðinga Tristane Banon um að hann hafi reynt að nauðga henni 2003.

Præðir og fléttur

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands (RIKK) heldur nú alþjóðlega ráðstefnu, sem hófst í gær og lýkur í dag, laugardag, við HÍ. Ráðstefnan er haldin í tilefni af 20 ára afmæli RIKK og 100 ára afmæli HÍ. Yfirskrift hennar er Præðir og fléttur – Menning, samfélag, umhverfi. Sjá nánar á www.rikk.hi.is.



Það er ekki nóg að setja konu við stjórnvölinn

Dominique Strauss-Kahn var undir miklum þrýstingi þegar hann sagði af sér hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Landi hans, Christine Lagarde, fyrrverandi fjármálaráðherra Frakklands, hefur nú tekið við af honum. Enloe segir að forvitnilegt verði að fylgjast með því hvernig hún standi sig.

„Hún ber ábyrgð á að breyta andrúmsloftinu innan AGS,“ sagði hún. „En spurningin er hvort hún sé nógu upplýst til að breyta því.“

Enloe benti á að í samning hennar við AGS hefði verið bætt við ákvæði um hegðun og siðferði, sem ekki hafi verið í samningum forvera hennar.

Í umræðum eftir fyrirlesturinn var Enloe spurð um réttindabaráttu kvenna á tímum uppnáms og kreppu eins og nú stæðu yfir og hvað það þýddi þegar konur kæmst til valda, hvort sem það væri í

ríkisstjórn Íslands eða yfirstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Enloe byrjaði á að segja að í kinnversku væri táknið fyrir neyðarástand sett saman úr táknum fyrir hættu og tækifæri. Hún sagði að það þyrfti að hafa úthald og geta haldið athyglinni mjög lengi, sem gæti verið erfitt þegar vinnudagurinn væri langur og álagið margfalt.

„Það er sérstaklega erfitt þegar sagt er: „Ekki vekja máls á þessum hlutum núna, við munum hlusta síðar.“ En þá verða menn búnir að tryggja sig rækilega í sessi.“

Enloe sagði að þegar vitnisburður kvenna væri skoðaður alls staðar þar sem áföll hefðu dunið yfir segðu þær ávallt að viðkvæðið hefði verið: „Ekki núna, síðar.“ Fyrst myndi feðraveldið leysa yfirstandandi neyð, síðan



Reuters

Christine Lagarde, fyrrverandi fjármálaráðherra Frakklands, stýrir nú AGS. Í samning hennar var bætt við ákvæði um hegðun og siðferði.

sjá um smávægilegar áhyggjur kvenna. „Ég hef lært eitt af konum, sem hafa farið í gegnum ótölulegar neyðir: Aldrei að bíða. Mun líklegur er að nýjar hug-

myndir verði teknar upp á meðan neyðin stendur yfir.“

Hún sagði að jafnvel mætti segja að ráðlegt væri að viðhalda neyðarástandi vegna þess að þá

væru valdhafarnir óruggir og óvissir, en það væri erfitt því í öllum væri ríkt að vilja að ástandið verði aftur eins og það var fyrir kreppuna, jafnvel þótt það kostaði að allt misréttið fylgdi. Hún sagði að það væri nánast ógerningur þótt orðið hefði vitundarvakning að halda henni til streitu í stefnumótun.

Enloe sagði einnig að það gæti verið mjög erfitt að halda konum, sem kæmst til valda, við efnið:

„Það er gríðarlegur þrýstingur á þær um að skilja feminisma eftir við þröskuldinn.“ Eina leiðin væri að sýna að þær nytu stuðnings kvenna til þess að þær létu ekki undan þrýstingi úr öðrum áttum. „Það er ekki nóg að setja konu við stjórnvölinn, jafnvel þótt hún hafi feminiska vitund, nema stuðningur feminista við hana sé sýnilegur.“